



# Skorradalshreppur

## Reglur Skorradalshrepps um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

### Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Skorradalshrepps skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá 1. júlí 2024 er viðmið um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna sem hlutfall af þingfararkaupi sem er kr. 1.525.841 kr.-

### Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	50% (kr.762.921.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	6,5% (kr.99.180.-)

### Fundir:

Varamenn í sveitarstjórn	5% (kr. 76.292.-)
--------------------------	-------------------

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmaður fundi eða ráðstefnur utan Skorradalshrepps skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 1.5% (kr. 22.888.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar. Gildir einnig yfir fjarfundi.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Skorradalshrepps utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók.

Laun sveitarstjórnarfulltrúa og oddvita skulu greidd mánaðarlega **fyrsta virka dag hvers mánaðar eftir á.**

### Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formenn nefnda fá greitt 5% (kr. 76.292.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar 6% (91.550.-) fyrir kjördag og 1,5% (kr. 22.888.-) fyrir hvern fund.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 15.júlí og 15.janúar og miðast við framlagðar fundargerðir.

### **Önnur réttindi**

Greitt er mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.525.841.-) er þingfararkaup alþingismanna í júlí 2024 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

### **Sérstakar launagreiðslur**

Greitt er aukalega fyrir störf hreppsnefndarmanna sem telst þá aukavinna (fyrir utan hefðbundin hreppsnefndarstörf og undirbúning þeirra). Eingöngu er greitt fyrir störf sem oddviti felur hreppsnefndarmönnum. Fyrstu 6 tímar í hverjum mánuði eru innifaldir í föstum hreppsnefndarlaunum. Greitt er samkvæmt vinnuskýrslu sem skila skal inn til oddvita um hver mánaðarmót.

### **Taxti fyrir aukavinnu**

Tímagjald fyrir aukavinnu er greidd sem verktakagreiðsla og er tímagjaldið 0,6% af þingfarakaupi pr.klst.

### **Gildistaka**

Reglur þessar gilda frá 1. júlí 2024.

**Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 22. október 2024**